

Velferðarnefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
101 Reykjavík

Kópavogur, 2. Desember 2014

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn, unglinga og fjölskyldur þeirra, 144.löggjafarþing 2014 -2015.
Þingskjal nr. 52 - 52. mál**

Við í stjórn félagsins Olnbogabörnin, aðstandendur ungmenna með áhættuhegðun, fögnum þessari þingsályktunartillögu. Ljóst er að mikil þörf er á úrbótum í þessum málaflokki.

Tökum við sérstaklega undir þörf fyrir forvarnir og skimun en taka þarf fyrir á vanda barna sem eru í áhættuhegðun eða/og neyslu fíkniefna og tryggja öllum börnum þá þjónustu sem þau þarfnast innan geðheilbrigðiskerfisins.

Að okkar mati er mjög mikilvægt að skýrt sé að fíknivandi fellur undir skilgreiningu á geðsjúkdómi samkvæmt ICD-10 greiningarkerfinu, liðir F10-F19, og á fyllilega heima undir geðheilbrigðiskerfinu, enda er hægt að fá viðeigandi aðstoð fyrir fullorðna einstaklinga undir sama kerfi á þessum forsendum.

Stór hluti foreldra barna með tvíþættan vanda, þ.e. geðrænan og fíkniefnavanda, hefur upplifað það að koma að lokuðum dyrum hjá Barna- og unglिंगageðdeild Landspítalans (BUGL). Ástæða frávísunar hefur verið sú að fíkniefnavandinn yfirgnæfi geðræna vandann, en BUGL telur sig ekki í stakk búna til að takast á við slík mál. Þessum börnum er því í staðinn vísað á Stuðla og önnur meðferðarúrræði Barnaverndarstofu. Ljóst er að mörg þessara barna þurfa ekki síður meðferð við geðrænum vandamálum og þessi úrræði eru því ekki að henta þeim nógu vel. Við teljum mjög mikilvægt að koma á fót langtímaúrræði sem byggist á þörfum þessa hóps og tekur þannig bæði til fíkniefnavandans og hins geðræna, enda eru þessi vandamál mjög þétt samtvinnuð.

Fyrir hönd Olnbogabarnanna,

Arna Sif Jónsdóttir
Lilja Sigurðardóttir
Erna Björk Ingadóttir
Íris Stefánsdóttir
Guðný Sigurðardóttir